

Gjöld

Gjöldin sem greidd eru fara í að greiða kostnað við rekstur sjóðsins, þ.m.t. kostnað við markaðssetningu og dreifingu hans. Þessi gjöld skerða mögulega ávöxtun fjárfestingarinnar.

Eingreiðslugjöld innheimt fyrir eða eftir fjárfestingu

Gjald við kaup hámm. 1,00%

Gjald við sölu hámm. 0,50%

Ofangreind gjöld eru hámarksgjöld sem gætu verið dregin frá áður en fjárfest er og áður en söluupphæðin er greidd út.

Gjöld sem eru dregin af sjóðnum á ársgrundvelli

Viðvarandi gjöld 1,25 %

Gjöld sem eru koma til við tilteknar aðstæður

Árangurstengd þóknun: engin

Gjöld þau við kaup eða sölu sem tilgreind eru í töflunni, eru hámarksgjöld sem gætu verið dregin frá. Aflaðu þér ýtarlegri upplýsinga hjá fjármálaráðgjafa þínum eða miðlara. Við sérstakar aðstæður er hægt að hækka gjöld fyrir kaup til þess að vernda eigendur hlutdeildarskrifteina. Gerist það, rennur aukagjaldið til sjóðsins.

Viðvarandi gjöld eru byggð á útgjöldum fyrra árs fyrir árið 2021. Fjárhæðin kann að vera breytileg frá ári til árs.


Öll þau gjöld sem umsjónarfélagið getur dregið frá sjóðnum eru innifalin í viðvarandi gjöldum nema:

Viðskiptakostnaður vegna eignasafns

Sérstök ófyrirséð gjöld

Frekari upplýsingar um gjöld sjóðsins er að finna í 2. lið útboðslýsingar sem nálgast má á www.paretoam.com.

Fyrri árangur sjóðsins



Hlutdeildarflokkurinn var stofnaður árið 11/01/2012. Sjóðurinn var stofnaður árið 2005. Taflan sýnir árlega arðsemi sjóðsins í NOK fyrir hvert heilt almanaksár.

Arður er tilgreindur að frádregnum öllum kostnaði sem fallið hefur á sjóðinn nema gjöldum vegna kaups og sölu. Ávöxtun í fortíð er ekki ávísun á framtíðarárangur. Arður af sjóðnum verður m.a. háður markaðsþróun, færni sjóðstjóra hans, áhættu sjóðsins og útgjalda vegna kaupa, umsjónar og sölu. Arður sjóðsins getur orðið neikvæður vegna lækkandi gengis hans.

Hagnýtar upplýsingar

- Vörslufyrirtæki sjóðsins er er DNB Bank ASA.
- Frekari upplýsingar um sjóðinn má nálgast í útboðslýsingu og nýjustu hálfis árs og ársskýrslum hans. Skjöl þessi er hægt að nálgast sér að kostnaðarlausu og eru þau í boði á bæði norsku og ensku. Skjöl liggja fyrir ásamt öðrum viðeigandi upplýsingum á www.paretoam.com. Upplýsingar um aðra hlutdeildarflokka sjóðsins má finna í útboðslýsingu hans.
- Upplýsingar um hlutdeildarverðmæti er hægt að nálgast hjá Kauphöllinni í Ósló (Oslo Børs) á www.oslobors.no.
- Norsk skattalöggjöf getur haft áhrif á skattalega stöðu þína. Skattskylda þín við fjárfestingu í sjóðnum getur einnig verið háð til dæmis búsetulandi, hvar þú greiðir skatta þína og almennri stöðu skattamála.
- Afrit af ýtarlegri og uppfærðri stefnu Pareto Asset Management AS um greiðslu þóknana má nálgast sér að kostnaðarlausu á skráðri skrifstofu fyrirtækisins og á netsíðunni www.paretoam.com/en/client-information.
- Pareto Asset Management AS ber eingöngu ábyrgð á upplýsingum í lykilupplýsingum sem eru villandi, ónákvæmar eða í ósamræmi við viðkomandi hluta útboðslýsingar sjóðsins.

Sjóður þessi hefur hlotið staðfestingu í Noregi og heyrir undir eftirlit norska fjármálaeftirlitsins (Finanstilsynet). Pareto Asset Management AS hefur starfsleyfi í Noregi og heyrir undir eftirlit norska fjármálaeftirlitsins (Finanstilsynet).
Hagnýtar upplýsingar 3.10.2022.